


Ársskýrsla Vestmannaeyjardeildar Sjúkraliðafélags Íslands 2016-2017.



Ljósmynd: Halldór B. Halldórsson.

Aðalfundur Vestmannaeyjardeildar SLFÍ var haldinn í Líknarsalnum föstudaginn 27. október. Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna. Fundarstjóri var kosinn og Guðrún Eydís Eyjólfsdóttir tók það að sér að þessu sinni. María Rós Sigurbjörnsdóttir, Anna Gerða Bjarnadóttir og Vilborg Stefánsdóttir gengu úr stjórn og Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf, Sonja Ruiz Martinez, Sigríður Guðbrandsdóttir og Ragnheiður Lind Geirsdóttir komu nýjar inn í stjórn og aðrir í stjórn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Ágætis mæting var á fundinn og var boðið upp á smárétti frá Einsa kalda. Formaður fór yfir starf sitt fyrir deildina á síðasta starfsári.

Aðalfundur Vestmannaeyjadeildarinnar 2016 var haldinn föstudaginn 25. nóvember í Arnardrangi og var vel mætt á fundinn. Guðný Bjarnadóttir kom frá Alzheimer stuðningsmannafélag í Vestmannaeyjum og kynnti fyrir okkur starfsemi þess.

Á Evrópudaginn buðu sjúkraliðar á Hraunbúðum vistmönnum og samstarfsfólki til kaffisamsætis og sjúkraliðar á HSU buðu sínum skjólstaðingum og samstarfsfólki einnig til kaffisamsætis í tilefnis Evrópudagsins og Finnur ökukennari kom með nikkuna og spilaði nokkur skemmtileg lög.

Þrjú félagsfundir hafa verið haldnir á starfsárinu, vorkundur var haldinn 4. mars á HSU og var boðið upp á súpu sem stjórnin sá um að útbúa. Anna Guðný Magnúsdóttir kom og sagði okkur frá starfi Einhug félag aðstaðenda einhverfa í Vestmannaeyjum.

17. maí var haldinn fundur í fundarsal HSU og boðið var upp á Bruns. Á þeim fundi var farið yfir undirbúning Berlínarferðarinnar.

Í endann apríl fóru um 30 sjúkraliðar til Berlínar í ógleymanlega ferð sem Sigga Gísla og Hafdís Sig í ferðanefnd skipulögðu. Í Berlín

skoðuðum við heilabilunardeild á öldrunarheimilinu Bethanien Haus Bethhesda. Með Berlínunum fórum við í sælkeriferð og múrtúr.

Illa gekk að finna dag til að sinna Sjúkraliðalundinum en dagurinn sem við ætluðum að fara var leiðinda veður og ekkert varð að því að farið var, Rósa og Erna kíktu sínar reglulegu eftirlitsferðir og huguðu að lundinum.

27. september var haldin fundur í fundarsal HSU og að þessu sinni var boðið upp á heita rétti og tertur sem stjórn sá um. Sigríður Gísladóttir kom til okkar og fræddi okkur um starfsemi Krabbavarna í Vestmannaeyjum.

Formaður hefur farið á tvo félagstjórnarfundi til Reykjavíkur og einn í Munaðarnesi og Trúnaðarmannaráðstefnu sem BSRB hélt í byrjun október, en komst ekki á einn formannafund og trúnaðarmannaráðsfund og varaformaður komst ekki heldur og var því enginn frá okkur á þeim fundum.

27. október 2017

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Formaður Vestmannaeyjardeildar SLFÍ.

Vilborg Stefánsdóttir lagði fram ársreikninga deildarinnar sem voru samþykktir.

Félagsmenn Vestmannaeyjardeildarinnar ætla að hafa sama hátt á og undanfarin ár, að bjóða sínum skjólstæðingum til kaffisamsætis á Evrópudaginn.

Jólafundarnefnd ætlar að hafa fund 25. nóvember sem verður auglýstur síðar.

Gengið var til kosninga til setu í stjórn og nefndum.

Afmælisnefnd er á fullu að undirbúa afmælishátíðina sem verður haldin 2. febrúar í Golfskálanum.

Ný stjórn deildarinnar:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Formaður

Sonja Ruiz Martinez Varaformaður

Ragnheiður Lind Geirsdóttir Gjaldkeri

Dagmar Skúladóttir Ritari

Sigríður Guðbrandsdóttir Meðstjórnandi.

Trúnaðarmenn:

Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir HSU

Erna Þórsdóttir vara HSU

Sonja Ruiz Martinez Hraunbúðir

Sigurleif Guðfinnsdóttir vara Hraunbúðir

Skoðunarmenn reikninga:

Erna Þórsdóttir

Sigríður Gísladóttir

Fræðslunefnd:

Erna Þórsdóttir

Kristín Sjöfn Ómarsdóttir

Kjaramálanefnd:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Afmælisnefnd:

Hjördís Kristinsdóttir

Hafdís Sigurðardóttir

Ingibjörg Þórhallsdóttir

Vilborg Stefánsdóttir

Jólaskemmtinefnd:

Starfsfólk á Sambýlinu

Uppstillingarnefnd:

Sonja Ruiz Martinez

Berglind Sigvarðsdóttir

Ferðanefnd:

Guðrún Eydís Eyjólfsdóttir

Anna Guðný Magnúsdóttir

Berglind Sigvarðsdóttir